

- 35 Staðfesting ráðuneytis Íslands, handhafa konungsvalds, á skipulagsskrá fyrir 12. marz „Barnaskólasjóð Ágústss Pórarinssonar og Ásgerðar Arnfinnsdóttur“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 12. marz 1941.  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Barnaskólasjóð Ágústss Pórarinssonar og Ásgerðar Arnfinnsdóttur.

### 1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 6. september 1940, á gullbrúðkaupsdegi Ágústss Pórarinssonar, kaupmanns í Stykkishólmi, og frú Ásgerðar Arnfinnsdóttur, með gjöfum frá Stykkishólmsbúum. Stofnfé sjóðsins er 1020 krónur.

### 2. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Sparisjóði Stykkishólms og leggja jafnan við hann  $\frac{1}{4}$  hluta ársvaxta, en höfuðstólinn má aldrei skerða.

### 3. gr.

Þremur fjórðu hlutum ársvaxtanna skal verja til þess að viðhalda bókasafni því, er gullbrúðhjónin ánöfnuðu barnaskóla Stykkishólms eftir sinn dag, svo og til þess að auka það.

Framkvæmdir allar hér að lútandi hefur skólanefnd Stykkishólms á hendi.

### 4. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn að upphæð 5000 krónur, má verja  $\frac{1}{3}$  hluta þeirra vaxta, er til útborgunar koma, til verðlauna námfúsum og siðprúðum nemendum, að dómi kennara skólans og skólanefndar, þó aldrei fleirum en 2 á ári. Skólanefnd úthlutar.

### 5. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari, og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

36

20. marz

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um notkun loftskeytastöðva og talstöðva í íslenskum skipum frá 28. des. 1940.

Með tilliti til breyttra kringumstæðna, er hér með sett eftirfarandi reglugerð samkvæmt bráðabirgðalögum um fjarSKIPTI frá 5. júlí 1940.

### 1. gr.

Fyrsta málsgrein 1. gr. reglugerðar um notkun loftskeytastöðva og talstöðva í íslenskum skipum frá 28. des. 1940, hljóði svo:

Í siglingum milli Íslands og Stóra-Bretlands eða samveldislanda þess mega íslensk skip fyrst um sinn því aðeins hafa meðferðis loftskeytastöð eða talstöð, að stöðin sé þannig innsigliuð af póst- og símamálastjórninni, að ekki sé unnt að nota